

Reykjavík, 4. maí 2018

Alþingi
Nefndasvið – Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
10 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál, þingskjal 607.

Samorka tekur undir mikilvægi þess að settar verði reglur um skipulag haf- og strandsvæða.

Eins og tekið er fram í greinargerð með frumvarpinu er misjafnt hvaða leiðir nágrannalönd okkar hafa farið í því að koma ákvæðum hér að lútandi fyrir í lögum og með hvaða hætti stjórnskipulagi er háttað. Mikilvægt er að þessir ferlar séu einfaldir, skýrir og í samræmi við almenn ákvæði skipulagslaga hér að lútandi. Með þetta í huga má velta fyrir sér af hverju ekki er farin sú leið að koma ákvæðum um skipulag haf- og strandsvæða fyrir í skipulagslögum og má í því sambandi vísa til ákvæðanna um landsskipulag í þeim lögum. Þetta er m.a. skýrt með því að forræði haf- og strandsvæða sé almennt á höndum ríkisins, en sama má auðvitað segja um þjóðlendum og þar með stórann hluta þeirra svæða sem falla undir landsskipulag.


Í **geinargerð** með frumvarpinu er fjallað um þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum annarra laga eins og raforkulögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og þar með útgáfu leyfa fyrir starfssemi, framkvæmdir o.s.frv. Þar er líka tekið fram að í þeim tilvikum sem haf- og strandsvæðisskipulag hefur ekki tekið gildi þá komi það „**almennt ekki í veg fyrir að unnt sé að gefa út leyfi.**“

Hér er mikilvægt að tekin sé af öll tvímæli í lagatextanum um þennan skilning bæði sjálfum textanum í fyrirhuguðum lögnum um skipulag haf- og strandsvæða (7. og 8. gr. frumvarpsins) og þeim viðbótum og textabreytingum sem lagðar eru til á raforkulögum (viðbót við 43. gr.) og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (6., 7. og 33. gr.). Við teljum textann ekki nægilega skýran og best sé að taka fram berum orðum að það komi ekki í veg fyrir leyfisveitingar að öðrum skilyrðum uppfylltum þótt ekki sé lokið við gerð skipulags fyrir viðkomandi haf- og strandsvæði.

Hér mætti nefna ýmiss dæmi um framkvæmdir sem haft geta snertiflöt við haf- og strandsvæði og eru á starfssviði aðildarfyrirtækja okkar. Lagning útrásar frá skólphreinsistöð, lagning sæstrengs út í eyjar eða yfir fjörð, lagning vatnsleiðslu út í eyjar eða yfir fjörð, en allt eru þetta dæmi um mjög miklvæga innviði sem hafa verið byggðir upp og/eða eru í kortunum.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,



Páll Erland,
framkvæmdastjóri